

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 4/2019.

Reykjavík, 30.01.2019

2019010434

Efni: Innköllun á BEAR Yoyo Multipack Mango, vegna aðskotahlutar

Omax hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Bear Yoyo Multipack Mango** ávaxtarúllur, vegna aðskotahlutar sem fannst í einni vörunni.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Bear

Vöruheiti: Mango, pure fruit yoyo

Strikanúmer: 5060139431033

Nettóþyngd: 100 g.

Lýsing á vöru: Tvær ávaxtarúllur eru í einni 100 gr pakkningu, 5 pakkningar eru í hverri ytri einingu (eins og sést á mynd)

Lotunúmer: 8232

Best fyrir: AUG 2019

Framleiðandi: Urban Fresh Foods limited

Framleiðsluland: Bretland

Innflytjandi: Omax ehf., Súðavogi 14, 104 Reykjavík.

Dreifing: Varan hefur verið til sölu í verslunum Bónus, Hagkaup, Nettó, í Melabúðinni og Fjarðarkaup.

Viðskiptavinir sem keypt hafa umrædda vöru með framangreindri dagsetningu mega skila henni þar sem hún hefur verið keypt eða hafa samband við Omax ehf í tölvupósti bear@omax.is

